

Landbúnaðarháskóli Íslands
Ásgarði Hvanneyri
311 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykholt, 8. september 2015
UST201508-015/L.G.
09.05.01

Efni: Leyfi til rannsókna - Gullfoss - uppgræðsla

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi þann 5. ágúst 2015 frá Járngerði Grétarsdóttur, lektori við Landbúnaðarháskólann, þar sem beðið er um leyfi til prófunar á uppgræðslutækni innan friðlandsins Gullfoss og Snæfellsjökulspjóðgarðs. Rannsóknin fer fram á tímabilinu 09. – 16. September.

Lýsing framkvæmdar:

Í verkefninu verður prófuð og þróuð aðferðafræði þar sem villtur innlendur gróður er notaður við uppgræðslu eftir jarðrask eða gróðurskemmdir. Rannsóknin felst í tilraun sem byggir á að slá jurtkennan gróður, með fræi, að hausti og dreifa á ógróin svæði. Gróðurinn er sleginn með orfi og slægjan látin í malarkanta og á svæði þar sem hefur orðið jarðrask, t.d. eftir framkvæmdir.

Beðið er um leyfi til tilrauna með aðferðina við Svalpúfu og á svæðum í kringum ný innkomuskilti Snæfellsjökulspjóðgarðs. Hefur þetta verið rætt við Guðbjörgu Gunnarsdóttur, þjóðgarðsvörð. Upphaflega var einnig beðið um leyfi til prófunar við friðlandið Gullfoss en vegna fyrirhugaðra framkvæmda á stígakerfum svæðisins er óvíst hvort rannsóknarsvæði haldist ósnert nógu lengi til að sjá niðurstöður úr prófunum. Því hefur verið vikið frá þeirri beiðni að því stöddu.

Tveir starfsmenn Landbúnaðarháskólans munu vinna að úttekt svæðisins, slætti og dreifingu gróðurs. Er fyrirhugað að vettvangsrannsóknin taki tvo daga.

Rannsóknin mun valda röskun að því leyti að gróður er sleginn á sama hátt og við almennan túnslátt og vex því aftur að vori. Fordast verður að slá lyng og annan gróður sem ekki jafnar sig eftir slíkan slátt. Notast verður við sláttuorf. Hey slægjunni er síðan dreift á ógróin svæði. Heydreifing verður sýnileg frá hausti 2015 til vors 2016 þar til niðurbrot gróðursins er lokið.

Sérstaklega er leitast við að stunda prófanir á friðlýstum svæðum til að reyna á hentugleika slíkra uppgræðsluverkefna innan svæða þar sem ekki er möguleiki á að sá utanaðkomandi plöntutegundum. Telja rannsakendur þar liggja tækifæri þar sem aðferðin gæti nýst í framtíðinni innan einstakra friðlýstra svæða.

Áhrifamat:

Skv. 8 gr. reglugerðar 568/2001 um Snæfellsjökulspjóðgarð er óheimilt að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn og skal verndun lífríkis taka mið af alþjóðlegum samningum sem stuðla að verndun plantna og líffræðilegri fjölbreytni.

Telur Umhverfisstofnun að verkefnið nýtist sem prufa á uppgræðsluaðferð sem gæti hentað þjóðgarðinum þar sem um innlendan gróður er að ræða.

Ljóst er að sjónræn áhrif verða vegna uppgræðsluverkefnisins og mun ásýnd gróðurs breytast tímabundið eftir slátt. Þá verði sjónræn áhrif á þeim svæðum sem verið er að græða upp, þar til að gróður er að fullu niðurbrotinn. Þau áhrif eru þó ekki metin það mikil að þau valdi verulegu raski á svæðinu.

Skilyrði

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Starfsmenn Landbúnaðarháskólans hafi samband við starfsfólk Þjóðgarðsins og fylgi þeirra fyrirmælum í hvívetna er varða rannsóknarsvæðin. Tengiliður þeirra er Guðbjör Gunnarsdóttir, þjóðgarðsvörður. S. 822 4025
- Starfsmenn Landbúnaðarháskólans séu vel merktir og hafi útprentað eintak af leyfisbréfinu meðferðis á meðan á rannsókninni stendur.
- Starfsmenn Landbúnaðarháskólans forðist óþarfa jarð- og gróðurrask, nema að því leyti sem talið er þjóna rannsókninni og þá ávallt í samræmi við starfsmenn Umhverfisstofnunar.
- Landbúnaðarháskólinn veiti Umhverfisstofnun aðgang að niðurstöðum rannsókna sem byggjast á prófunum innan friðlýstra svæða í umsjón UST. Þá gefi Landbúnaðarháskólinn leyfi fyrir sitt leyti að slíkar uppgræðsluaðferðir séu nýttar á friðlýstum svæðum, reynist þær áhrifaríkar í prófunum innan friðlýstra svæða.

Virðingarfyllst



Linda Guðmundsdóttir
Sérfræðingur



Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri